

## 15. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

## 16. gr.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu. Séu þessar æðar tengdar í sjálfvirkt blöndunartæki skal vera einstreymisloki á hvorri æð, við hlið blöndunartækis. Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Setja skal einstreymisloka við hvert vatnsinntak til að tryggja að heitt vatn geti ekki runnið út í dreifikerfi vatnsveitunnar.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

## 17. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

## 18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur gildi reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur nr. 16 23. janúar 1963.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1984.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalvíkur.

### Vatnsskattur.

## 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupstaðar sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja um, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við veituna. Sama gildir um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Dalvíkur. Nú er vatni frá Vatnsveitu Dalvíkur veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því er í gjaldskrá þessari segir.

## 2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 0,18% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,18% af fasteignamati lóða þeirra.

	Lágmarks- gjaldstuðull kr. /m <sup>3</sup>	Hámarks- gjaldstuðull kr. /m <sup>3</sup>
1. flokkur.		
Vöruheymslur og annað ótilgreint húsnæði . . . . .	3,60	4,70
2. flokkur.		
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar . . . . .	4,70	5,60
3. flokkur.		
Iðnaðarhúsnæði . . . . .	5,60	6,10
4. flokkur.		
Verslunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði . . . . .	6,10	7,00

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 500,00.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss svo og lágmarksupphæð skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

## 3. gr.

Af jörðum innan lögsagnarumdæmis Dalvíkurbæjar skal vatnsskattur vera 0,18% af fasteignamati jarðanna (íbúðarhúsa, útihúsa og landi jarðar). Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0,18% af fasteignamati útihúsa og lands, að viðbættum kr. 4,70 á hvern rúmmetra íbúðarhúss og tilsvarendi skal hámark vatnsskatts vera 0,18% af fasteignamati útihúsa og lands að viðbættum kr. 5,60 á hvern rúmmetra íbúðarhúss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

## 4. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður veitunefnd skattinn.

**Aukavatnsskattur.**

## 5. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiða-þvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og fyrir hreyfivélur og gosbrunna.

## 6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

## 7. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli með kr. 3,60 fyrir hvern tengismetra vatns. Selja skal vatn úr Brimnesá á 25% lægra verði.

## 8. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
20 til 32 mm mælir .....	351,00
40 mm mælir .....	455,00
50 mm mælir .....	876,00
80 mm mælir .....	1 157,00
100 mm mælir .....	2 315,00

**Heimæða- og tengigjald.**

## 9. gr.

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkрана húss sbr. 7. og 9. gr. reglugerðar vatnsveitunnar frá 1983 skal vera samkvæmt reglugerð um gatnagerðagjöld fyrir Dalvíkurkaupstað.

**Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.**

## 10. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 6 gjalddögum í lok hvers tveggja mán. tímabils.

Vatnsskattur greiðist á skrifstofu Dalvíkurbæjar.

## 11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfaraveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkv. gjaldskrá þessari, má taka lögtaki. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

**Ýmis ákvæði.**

## 12. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun. Vilji vatnsnotandi ekki setta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

## 13. gr.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

## 14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum, getur bæjarstjórn, að fengnum tillögum veitunefndar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmarks og hámarks vatnsskatt, auka-vatnsskatt, mælaleigu um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Dalvíkur nr. 307 22. nóvember 1972.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1984.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*